



## **Skólaárið 2019 - 2020. Skýrsla og yfirlit um erlend samskipti VMA.**

### **Stefna VMA**

VMA vill taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu okkar til annarra.

VMA vill gefa starfsmönnum og nemendum tækifæri til að taka þátt í samskiptum og kynnast námi og starfi í öðrum löndum. Nám í VMA miðast við að geta nýst nemendum hvar sem er í heiminum.

Fjöldmörg erindi berast til VMA um samstarf og við getum bara orðið við smá broti af þeim. Stundum er boðin þátttaka í umsóknum um verkefni, bæði samstarfsverkefni og um að vera hluti af Mobility verkefnum (við myndum þá taka við nemum og geta sent nema).

Stefnan er að þessi samskipti byggist mest á því að vinna aftur með þeim aðilum sem við þekkjum og höfum reynslu af og fara varlega í að tengjast mjög mörgum aðilum eða verkefnum í einu.

Oft er óskað eftir því að fá að koma í heimsóknir hingað, stundum bara til að koma og sjá en stundum til að fá að taka virkan þátt eða fylgjast með vinnunni á ákveðnum sviðum eða á ákveðnum brautum (job shadowing).

Stefna VMA er að verða við þessu eins og mögulegt er án þess að íþyngja starfsmönnum. Stundum leiða þessar heimsóknir til frekari samskipta.

### **Heimsókn til Brussel í maí 2019.**

Stór hópur starfsmanna VMA nýtti réttindi í endurmenntunarsjóðum stéttarfélaganna til að fara í skólaheimsókn til Brussel í Belgíu.

Spurning er hvort þessi heimsókn tilheyrir skólaárinu 2019 - 2020 en úrvinnsla hennar gerir það að hluta til.

Sjá ferðasögu og fleiri upplýsingar.

[https://www.vma.is/static/files/vor2019\\_brussel\\_ferdasaga-nyjasta.pdf](https://www.vma.is/static/files/vor2019_brussel_ferdasaga-nyjasta.pdf)

<https://www.vma.is/is/moya/page/ferdasogur>

### **Nýtt verkefni:**

#### **Samstarfsverkefni.**

Í flokki skólaverkefna KA229, þar sem nægilegt er að tveir skólar starfi saman og hægt er að fara með nemendahópa.

**Sumarið 2019 kom jákvætt svar um verkefnið 2019-1-FR01-KA229-062996\_2**

**Rotten Shark and Aioli: Sharing Culinary Culture to Erase Differences.**

Matvælabraut VMA og MFR La Tour d'Aigues í Suðru Frakklandi lögðu inn umsókn í mars 2019 að verkefni sem hefur yfirskriftina: Rotten shark and Aioli : sharing culinary culture to erase differences.

Verkefnið snýst um menningu og mat og gengur út á nemendaferðir - þ.e. að hópur nemenda af matvælabraut, ásamt 4 starfsmönnum, fari í ferð til Frakklands til að kynnast franskri matarmenningu og VMA sér þá sömuleiðis um að taka á móti nemendahópi í VMA og kynna þeim fyrir íslenskri matarmenningu.

Skólaárið 2019 - 2020. Skýrsla og yfirlit um erlend samskipti VMA. Hildur Friðriksdóttir er umsjónarmaður erlendra samskipta VMA en Jóhannes Árnason leysti hana af þetta skólaár.

[hildurfri@vma.is](mailto:hildurfri@vma.is) [jarn@vma.is](mailto:jarn@vma.is)



Verkefnið hófst haustið 2019 og stendur yfir í tvö ár. Umsóknin var unnin af Rebekku Belk verkefnastjóra erlendra samskipta í MFR La Tour d'Aigues og Hildi Friðriksdóttur og í samráði við Marínu Sigurgeirsdóttur og Ara Hallgrímsson.

Þann 5. september 2019 fór Jóhannes Árnason á verkefnastjórafund hjá RANNÍS til að taka við undirrituðum samningi um verkefnið og heyra um nýjungar í því hvernig svona verkefni eru rekin.

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/vma-i-erasmus-samstarfsverkefni-med-skola-i-sudur-frakklandi>

Verkefnið var kynnt nemum í grunnnámi matvæla- og ferðagreina, fengnar voru umsóknir frá nemum sem vildu taka þátt. Hópur var valinn og unnið með samskipti í gegnum eTwinning. Undirbúnar voru heimsóknir nemenda frá Frakklandi í mars 2020 og Íslendinga til Frakklands í lok apríl 2020. Vegna COVID frestuðust þessar heimsóknir en stefnt er að því að þær verði á dagskrá skólaárið 2020 - 2021.

### **Samstarfsverkefni**

#### **2017-1-NO01-KA201-034190 um íþróttir í samfélaginu**

**Vin - Vin verkefnið** í samstarfi við Oppdal VGS í Noregi og Fjerritslev Gymnasium í Danmörku.

Vikuna 7. - 14. september 2019 komu átta nemendur og tveir kennarar frá Fjerritslev og voru í heimagistingu hjá nemendum og starfsmönnum VMA. Þessi hópur vann með nemendum og kennurum íþróttá- og lýðheilsuþrautar VMA í skólanum, með KA og fleiri aðilum.

Ólafur H. Björnsson og Jóhann Gunnar Jóhannsson voru aðal tengiliðir í VMA.

Ólafur Björnsson fór á í verkefninu til Oppdal í Noregi um mánaðamótin september - október 2019.

Síðasti hluti verkefnins voru ráðstefnur sem átti að halda í hverju landi til að kynna niðurstöður verkefnisins en þær falla líklega niður vegna COVID. Stefnt er að uppgjörsfundi / lokafundi á Akureyri haustið 2020.

Vefsíða verkefnisins er að komast í loftið vorið 2020.

### **Samstarfsverkefni**

#### **VET@Work - 2018-2021**

#### **2018-1-FI01-KA202-047198**

Þetta verkefni er styrkt af Erasmus og er að sumu leyti beint framhald af Workmentor, WorkQual og AppMentor sem VMA var einnig aðili að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu.

Samstarfsaðilar VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan



Medulla. Harpa Birgisdóttir og Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir hafa tekið þátt í verkefninu fyrir hönd VMA.

Fundur var haldinn í verkefninu á Akureyri dagana 2. - 4. október. Meðal annars var farið í heimsóknir í fyrirtæki og snæddur kvöldverður í sumarhúsi Huldu Hafsteinsdóttur í Lundsskógi.

Áætlaður var fundur í Finnlandi en honum var frestað til hausts 2020 vegna COVID. Samt er markvisst unnið að verkefninu í fjarvinnu, meðal annars að því að setja saman handbók um vinnubrögð sem hægt er að nýta þegar nemendur eru sendir í vinnustaðanáám og þjálfun úr skóla.

<https://thalttun.wixsite.com/vetatwork/about>

### **Samstarfsverkefni**

#### **FING Verkefnið á sviði véltækni og öryggismála tengt Offshore vinnu m.a. í olíuiðnaði.**

Lokafundur þessa verkefnis var haldinn í VMA 18. og 19. september 2019. Rætt var um hugsanlegt áframhald á samstarfinu. Ragnar Ásmundsson hélt fyrirlestur um darmadælutækni og fleira fyrir fundargesti og nema í vélstjórn í VMA. Gestirnir voru Hans Hinrichsen Grænlandi, Wilhelm Petersen Færeyjum, Stella Aguirre Noregi, Øystein Försvoll Noregi, og Geir Tuftedal Noregi. Benedikt Barðason, skólameistari VMA stýrði fundum og heimsókninni.

### **Samstarfsverkefni InnoVET**

Verkefnið er Erasmus plus verkefni í flokki samstarfsverkefna (Strategic Partnership) og kallast InnoVET eða Innovative VET Devices in Rural Territories og númer þess er 2017-1-FR01-KA202-037438.

Verkefninu er stjórnað af MFR í Frakklandi.

<https://innovet-project.eu/>

Verkefninu lauk í með uppgjörsfundi í júní 2019. Fulltrúar VMA voru ekki þar. Jóhannes tók þátt í fjarfundi með MFR í október 2019 til að segja frá reynslu VMA af verkefninu.

Lokaskýrslu um verkefnið var skilað haustið 2019 og fékkst hún samþykkt þannig að lokauppgjör var gert um verkefnið á skólaárinu.

Svipaður hópur samstarfsaðila skilaði inn umsókn um nýtt verkefni (fyrst í mars 2019 en hún fékkst ekki samþykkt) í mars 2020. Beðið er eftir niðurstöðu um þá umsókn, verkefnið kallast VET4Change.

### **Samstarfsverkefni**

#### **Landa- og tungumálaútrás víkinganna – Vikingernes fremmarch i land og sprog - 2018-2020 PLA - 2018 / 10040 Nordplus**



Verkefnið er tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá er einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt er að nota við kennslu á norrænum tungumálum og norrænni tungumálasögu. Hlutverk þátttakenda í verkefninu er að byggja upp net, þróa kennsluefni og kennsluáætlanir. Tveir kennarar frá hverjum skóla munu kenna eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig. Anette de Vink, Snorri Björnsson og Sigríður Albertsdóttir hafa tekið þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Á haustönn 2019 fór Sigríður Albertsdóttir til Noregs dagana 18. - 20. september á fund vegna verkefnisins. Snorri Björnsson fór til Borgundarhólms um miðjan nóvember.

### **Samstarfsverkefni**

**NordPlus verkefni sem viðskipta og hagfræðibraut VMA tekur þátt í.**

**NORD plus NPJR-2019/10113** <https://nordplus16.wordpress.com/>

**Promote tolerance - celebrate diversity.**

Samstarfsaðilar eru að sumu leyti þeir sömu og hafa áður unnið saman.

Porvoo International College, FINLAND stýrir verkefninu, Learnmark, Horsens, DENMARK

Karalius Mindaugas Vocational Training Center, LITHUANIA, VMA Akureyri Comprehensive College, ICELAND, Haapsalu Vocational Education and Training Centre, ESTONIA, Nyköpings Gymnasium, SWEDEN.

Í hverjum fundi taka þátt einn kennari og þrír eða fjórir nemendur frá hverju landi.

Fyrsti fundurinn var haldinn í VMA 19. - 23. september 2019.

Annar fundurinn var haldinn í Eistlandi 7. - 11. nóvember 2019.

Þriðji fundurinn var haldinn í Danmörku 23. - 27. janúar 2020.

Fjórti fundurinn var haldinn í Svíþjóð 6. - 10. mars 2020.

Fimmti fundurinn var haldinn í Finnlandi 3. - 7. apríl 2020.

Lokafundurinn átti að fara fram í Litháen 15. - 19. maí 2020 en varð ekki vegna COVID.

### **Umsóknir**

**VMA átti þátt í umsóknum um samstarfsverkefni.**

**Rafdeild VMA** átti aðild að umsókn um KA2 Strategic Partnership verkefni, sem er stýrt frá Kanaríeyjum (Gran Canaria) og aðrir aðilar eru í Tyrklandi (Anadolu), Hollandi (Roermond) og Ungverjalandi (Budapest).

Heiti umsóknarinnar var : Electro Eco team: Electro technicians for a Green World. Svar kemur um þetta verkefni sumarið 2020.

### **Vet4change**

Framhald af InnoVET verkefninu sem MFR stýrði. Send var inn umsókn um KA2 Strategic Partnership með sumum af sömu aðilum og voru í InnoVET en aðrir aðilar



bættust við. Verkefnið snýst um að skoða áhrif starfsnámskerfa á samfélagslega þætti og byggðapróun.

Þátttökuaðilar í umsókninni voru:

MFR í Frakklandi, bæði heildarsamtökin og svæðisstjórnin í suðaustur Frakklandi, VMA á Íslandi,

Samtök um betri byggð Napoca héraði í Rúmeníu,

BSC, Atvinnuþróunarstofnun í Slóveníu,

Endurmenntunarsamtök í Króatíu,

IFOCAP, Menntastofnun fyrir leiðtoga bændasamtaka í Frakklandi,

Inter-Mondes þróunarstofnun í Belgíu,

Samtök leiðtoga í ýmsum hagsmunasamtökum sem láta byggðamál sig varða í Eistlandi.

Svar kemur um þetta verkefni sumarið 2020.

Þótt ekki hafi komið endanlegt svar hefur Olivier hjá MFR undirbúið fyrsta fund í octóber í Brussel eða sem fjarfund og annan fund í Skills Week í Berlín 9. - 13. nóvember.

### **School Exchange Partnership umsókn**

VMA sá um að senda inn umsókn um KA229 skólaverkefni með samstarfsaðilum í Hollandi og Danmörku. Samfélagsfræðideild VMA á aðild að því verkefni. Það snýst um að skoða meðal annars hvernig fólk getur aðstoðað aðra, aðstoðað í þróunarlöndum, verið til aðstoðar á heimavelli við þá sem þurfa stuðning, hvaða aðilar eru að veita slíkan stuðning á hverjum stað og svo frv.

Jákvætt svar kom um umsóknina sumarið 2020.

### **FabLab heimsókn vorið 2021.**

Jóhannes Árnason og Jón Þór Sigurðsson umsjónarmaður FabLab í VMA unnu með skóladeild Álaborgar í Danmörku að því að skipuleggja námskeið og heimsókn 60 kennara og annarra vorið 2021. Í maí 2020 kom svar um umsóknina og hún fékkst samþykkt þannig að það verður talsvert stór atburður hér í VMA og á Akureyri líklega í maí 2021 þegar um 60 manns koma til að kynna FabLab og notkun þess í skólaum á Akureyri. Haft var samband við Giljaskóla, Lundarskóla og Hrafnagilsskóla ásamt fleiri aðilum um að vera með í dagskrá hópsins.

### **Umsóknir um Mobility verkefni ( Náms- og þjálfunarferðir)**

VMA sendi inn tvær umsóknir þetta skólaárið.

Í október 2019 var auka umsóknarfrestur um slík verkefni og VMA sendi inn umsókn. Samþykktir voru styrkir til að senda nemendahóp á síðustu önn í hársnyrtið til Spánar í tvær vikur ásamt tveim kennurum.

Einnig fengust styrkir til að senda starfsmenn í náms og kynnisferðir.

Alls fengust 13 styrkir fyrir nemendur og 9 styrkir fyrir starfsmenn, þar af tveir fyrir kennara með hársnyrtihópnum. Alls gæti upphæðin orðið um 49,000 EUR.



Annar / reglulegur umsóknarfrestur var um Mobility í mars 2020.

Þar skilaði VMA inn umsókn og hún fékkst samþykkt nánast óbreytt. Hópur af nemum á lokaönn í einhverri iðngrein í tvær vikur (t.d. til Danmerkur). Nokkrir aðrir styrkir fyrir nemendur, í nokkrar vikur og upp í mánuði og styrkir fyrir starfsmenn til að fylgja eftir nemum eða efla tengslin við samstarfsskóla.

10 nemendur í tvær vikur ( Danmörk, líklega lokahópur í ákveðinni iðngrein).

6 nemendur í allt að þrem mánuðum, þar af sjúkraliðanemar 2- 4 styrkir í þrjár vikur og aðrir iðn- eða starfsnemar í lengri tíma.

Einnig fengust 6 styrkir til að senda starfsmenn, meðal annars með lokahópi úr iðngrein en líka til að halda við og skapa ný tengsl við skóla sem við störfum með.

Alls geta þetta verið allt að 62,000 EUR.

### **Nemar sendir til útlanda.**

Hársnyrtideild VMA náði samkomulagi við Gurpo Nebro í Malaga á Spáni. Hópur 10 nemenda og 2 kennara fór til Malaga í tvær vikur í febrúar 2020. GrupoNebro er háarakademía og var með fræðslu fyrir hópinn í nokkra daga og kynnti þeim viðbótar tækni og aðferðir bæði í hársnyrtið og fleiru sem snertir snyrtigeirann. Hópurinn lét vel af þessari ferð og reynslunni. Grupo Nebro lýsti áhuga á frekara samstarfi. Flestir nemendurnir ljúka síðustu önninni vorið 2020 og sveinsprófi á næstunni.

Tveir nemar á sjúkraliðabraut fóru í þrjár vikur í starfsnám á hjúkrunarheimilum í Randers í Danmörku í janúar. Þetta hefur verið reglulegt í þónokkur ár og er unnið í samstarfi við SOSU Randers.

Matreiðslunemi fór til Kaupmannahafnar til að vera í starfsþjálfun á veitingastaðnum Brace, ætlunin var að hann yrði í 6 vikur mánuði en vegna COVID stýttist það tímabil.

### **Tekið á móti nemum til Akureyrar.**

Þrír nemar komu frá August Sander Schule í Berlín og voru í starfsþjálfun í leikskólum á Akureyri í nóvember 2019.

Á vorönninni komu tveir nemendur frá sama skóla og voru í starfsþjálfun á leikskólum í febrúar - mars 2020. Þær rétt komust heim til Berlínar þegar flugsamgöngur voru að leggjast af vegna COVID.

Þrír nemar komu frá SOSU Herning og voru í þjálfun á Hlíð í þrjár vikur í janúar og febrúar.

Nemandi í rafeindatækni frá Frakklandi ætlaði að koma og vera í þrjár vikur í þjálfun hjá DNG en **það fór forgörðum vegna COVID.**





Nemendur og kennarar frá EUC Lillebælt í Danmörku ætluðu að koma og vera með byggingadeild VMA og á vinnustað í tvær vikur en það fór **forgörðum vegna COVID**.

### **Kennarar / starfsmenn í heimsókn í VMA.**

Tveir kennarar frá SOSU Herning komu í heimsókn í VMA dagana 18. - 21. nóvember 2019. Þær heita Stine Lykke Mörner Villadsen og Ann Jeanett Suhnsen. Þær kenna sjúkraliðum og félagsliðum og vildu koma til að skoða skólann og ná sambandi við vinnustaði í umönnun, bæði öldrunarheimili og leikskóla. Þær fóru í heimsóknir og við hældum fundi með þeim um námið og hugsanleg samskipti. (Þrír nemar komu frá þeim á vorönninni).

Tveir starfsmenn Atheneum Anderlecht, Sint-Guidostraat 73 1070 Brussels, Belgium komu í heimsókn í VMA um mánaðamótin nóvember desember 2019. Hópur starfsmanna VMA heimsótti þennan skóla þegar við fórum í skólaheimsóknir til Brussel í maí 2019.

Tilgangur gestanna með heimsókninni var að kynnst VMA og skoða möguleika á samstarfi skólanna, sérstaklega á sviði stafrænnar tækni við hljóð og myndsköpun. Atheneum Anderlecht er framarlega í að bjóða nám í stafrænni list og tækni. Þau sem komu heita Stefan Tavernier-Laurens og Pauline Ghyselen, hann er kennari í stafrænni myndvinnslu og hún sér um alþjóðasamskipti.

Stefan tók að sér að útbúa umsókn um skóla samstarfsverkefni KA229, en ákveðið var að bíða með umsóknina og endurbæta hana og senda inn vorið 2021.

Stepanie Nersessian kennari við framhaldsskóla í suðaustur Frakklandi dvaldi á Akureyri dagana 9. - 19. febrúar 2020. Skólinn hennar sendi nokkra kennara til mismunandi landa til að kynnst skólum og umhverfi þeirra. Hún skoðaði VMA mjög vel og kynntist mörgum þáttum í starfi skólans ásamt því að fara í heimsókn í SÍMEY, HA, Hlíð og fleiri staði.

Kennari kom með nemum frá August Sander Schule í Berlín. Hún heitir Katharina Lubosch og er sérkennari. Hún heimsótti leikskólana sem nemarnir voru á en var líka í VMA í nokkra daga að kynnst skólanum og horfa í kringum sig dagana 17. - 22. febrúar 2020.

Búið var að undirbúa heimsókn nokkurra kennara úr skóla í Belgíu á sviði bygginga. Hópurinn ætlaði að koma undir lok vorannar 2020 og fræðast og funda með kennurum byggingadeildar ásamt því að fara í heimsóknir á svæðinu. Vegna COVID var þessari heimsókn frestað. <https://www.efp.be/>

Sama gildir um heimsóknir sem áætlaðar voru á haustönn 2020, þær frestast.



### **Uppgjör verkefna.**

#### **Lokaskýrslu um Mobility verkefni 2017-1-IS01-KA102-026492 var skilað og hún fékkst samþykkt.**

Við gerð lokaskýrslunnar kom í ljós að talsvert vantaði uppá skil starfsmanna á undrskrifuðum gögnum um ferðirnar þannig að hægt væri að sanna að viðkomandi hafi verið á staðnum. Nokkur tími fór í að fá þessar staðfestingar og frásagnir starfsmanna úr ferðunum.

Mjög mikilvægt er að starfsmenn skili af sér gögnum og upplýsingum úr slíkum ferðum þannig að aðrir í VMA geti nýtt sér þær.

### **Annað**

Neikvætt svar kom frá Portúgal um samstarfsverkefni sem kennarar og nemendur á starfsbraut hefðu tekið þátt í.

Jóhannes fór á kynningarfund RANNÍS á Akureyri um styrkjamöguleika 29. ágúst 2019.

Jóhannes er í stýrihópi um ECVET á Íslandi. Þann 30. ágúst 2019 var haldinn kynningarfundur í VMA um þetta kerfi sem er til að staðla og tryggja samræmd vinnubrögð þegar nemendur fá nám og þjálfun frá öðrum löndum metið inn í sitt nám hér.

### **Innlegg á ráðstefnu.**

Jóhannes Árnason, Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir og Harpa Birgisdóttir voru með innlegg á menntaráðstefnunni Menntun til framtíðar sem var haldin í FB 20. september 2019. Það kynntu þau erlend samstarfsverkefni í málstofum. Jóhannes kynnti afurðir Workmentor og Workqual, Hrafnhildur og Harpa fjölluðu um Appmentor og VET@Work verkefni.

<https://skolathroun.is/menntun-til-framtidar/>

[https://www.hi.is/vidburdir/menntun\\_til\\_framtidar\\_radstefna\\_um\\_rannsoknir\\_og\\_nybr\\_eytni\\_i\\_framhaldsskolum](https://www.hi.is/vidburdir/menntun_til_framtidar_radstefna_um_rannsoknir_og_nybr_eytni_i_framhaldsskolum)

Jóhannes Árnason fór á tengslaráðstefnu í Luxembourg í lok nóvember 2019 þar sem markmiðið var

#### **Developing Strategic Internationalisation and Partnerships in Vocational Education and Training (VET).**

Segja má að þarna hafir bæði verið fjallað um almennt gildi þess að hafa alþjóðamiðað starf í skólum og í starfsnámi og að tengja fólk saman með samstarf í huga.

Fjöl margar ferðasögur og aðrar upplýsingar um erlend samskipti VMA er að finna á vef VMA.

<https://www.vma.is/is/moya/page/ferdasogur>



Skólaárið 2019 - 2020. Skýrsla og yfirlit um erlend samskipti VMA. Hildur Friðriksdóttir er umsjónarmaður erlendra samskipta VMA en Jóhannes Árnason leysti hana af þetta skólaár.

[hildurfri@vma.is](mailto:hildurfri@vma.is) [jarn@vma.is](mailto:jarn@vma.is)

---



**Styrkir sem VMA hefur til ráðstöfunar:**

Nú við lok skólatíðar 2019 - 2020 hefur VMA til ráðstöfunar ca 18 styrki fyrir nema (þar af 10 fyrir hóp á lokaönn í iðnnámi) og 13 fyrir starfsmenn (þar af 2 - 3 fyrir kennara til að fylgja hópi nema á lokaönn).